

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 80/2022

2022/EES/45/35

frá 18. mars 2022

um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1950 frá 10. nóvember 2021 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB að því er varðar viðmiðunarfjárhæðir vegna vöru-, þjónustu- og verksamninga ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1951 frá 10. nóvember 2021 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB að því er varðar viðmiðunarfjárhæðir vegna sérleyfa ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1952 frá 10. nóvember 2021 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB að því er varðar viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra vöru-, þjónustu- og verksamninga og hönnunarsamkeppna ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1953 frá 10. nóvember 2021 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB að því er varðar viðmiðunarfjárhæðir vegna vöru-, þjónustu- og verksamninga og hönnunarsamkeppna ⁽⁴⁾.
- 5) XVI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

XVI. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 2. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB):

„– **32021 R 1952:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1952 frá 10. nóvember 2021 (Stjtið. ESB L 398, 11.11.2021, bls. 23).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 4. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB):

„– **32021 R 1953:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1953 frá 10. nóvember 2021 (Stjtið. ESB L 398, 11.11.2021, bls. 25).“

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 5c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB):

„– **32021 R 1950:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1950 frá 10. nóvember 2021 (Stjtið. ESB L 398, 11.11.2021, bls. 19).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 398, 11.11.2021, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 398, 11.11.2021, bls. 21.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 398, 11.11.2021, bls. 23.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 398, 11.11.2021, bls. 25.

4. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 6f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/EB):

„– **32021 R 1951:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1951 frá 10. nóvember 2021 (Stjtið. ESB L 398, 11.11.2021, bls. 21).“

2. gr.

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2021/1950, (ESB) 2021/1951, (ESB) 2021/1952 og (ESB) 2021/1953, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. mars 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.